

ÞJÓÐVILJINN

Útgefandi: Sameiningarflokkur alþýðu — Sósíalistaflokkurinn. — Ritstjórnari: Magnús Kjartansson (áb.), Magnús Torfi Ólafsson, Sigurður Guðmundsson. — Rettaritstjórnari: Ívar H. Jónsson, Jón Bjarnason. — Auglýsingastjóri: Guðgeir Magnússon. — Ritstjórn, afgreiðsla, auglýsingar, prentsmíða: Skólavörðust. 19. Sími 17-500 (5 línur). Áskriftarverð kr. 45 á mánn. — Lausasöluverð kr. 3.00. Prentsmíða Þjóðviljans h.f.

Skoðanaskipti

Kennedy Bandaríkjaforseti hélt fyrir skömmu ræðu á þingi Sameinuðu þjóðanna. Ræða þessi hefur vakið mikla athygli, og sumir hafa reynt að gera hana að merkilegri boðskap en hún var í raun og veru. En víst var þetta mjög athyglisverð ræða. Að visu komu ekki fram í henni neinar nýningar, og enginn veit hvernig hugmyndir hennar kunna að standast prófraunir veruleikans. En það er nýstárlegt að ræðan var á köflum ómengaður friðaráróður, þar var mælt með afvopnun og samkomulagi um bann við mág-morðstækjum; þar var sagt berum orðum að við yrðum að tortíma morðtölunum ef þau ættu ekki að tortíma okkur. Slíkar almennar röksemdir hafa oft verið fluttar áður, en *nýjungin er í því fólgin að þær voru nú í fyrsta skipti eftir stríð fluttar af forseta Bandaríkjanna*. Ummæli af því tagi sem hann lét sér um munn fara hafa semsé til skamms tíma verið flokkuð undir óameríska starfsemi, kennd við kommúnisma eða það sem verra er: nytamt sakleysi; — hvað hefur afturhaldsblöðum á Vesturlöndum þótt hlægilegra en friðardúfur? En nú er barátta fyrir afvopnun og friði allt í einu talinn sæmandi boðskapur fyrir fremsta liðs-odd hins vestræna heims. Það eru vissulega annálsvörð tíðindi og tónninn einn ærið fagnaðarefni, hverjar hugmyndir sem menn kunna að hafa um heilindin.

Og jafnhliða þessu fá röksemdir og frásagnir, sem áður voru bannhelgar, rúm á virðulegum stöðum í borgarablöðunum. Þannig er Morgunblaðið dag eftir dag farið að skrifa um geislavirkni; það segir að hætta sé á að tilraunir með kjarnorkuvopn hafi áhrif á erfða-eiginleika og kunni að bitna á ófæddum börnum, jafnvel eftir margar kynslóðir; það ræðir um beinkrabba og hvítblæði og strontium 90 af alvörupunga. Þetta kunna að vera nýjar fréttir fyrir suma lesendur Morgunblaðsins, en lesendur Þjóðviljans hafa þekkt þessar röksemdir gegn ógnum kjarnorkusprenginganna árum saman. Einn íslenzkra blaða hefur Þjóðviljinn sagt lesendum sínum frá þeim skelfilega háska sem er samfara tilraunum með kjarnorkuvopn, rakið frásagnir vísindamanna, birt eina greinina af annarri um stökkbreytingar á erfðum, hvítblæði og beinkrabba, í hálfan annan áratug. Og allan þennan tíma hefur Morgunblaðið mótmælt þessum frásögnum með ofstopa og spotti, talið frásagnir vísindamannanna fleipur eitt, og ráðizt með offorsi gegn þeim sem skrifuðu undir Stokkhólmsávarpið eða tóku þátt í athöfnum sem hægt var að kenna við það skelfilega orð: frið. Þangað til nú. Og víst er ástæða til að fagna sinnaskiptum Morgunblaðsins, þótt þeim fylgi bjálfalegur áróður og einstaklega flónskulegar getsakir um það að Þjóðviljinn viðurkenni ekki þær staðreyndir sem hann hefur einn íslenzkra blaða flutt í fimmtán ár. Þótt menn ætli Morgunblaðinu ekki fagnar hvatir og festi ekki trúnað á heilindi þess, er það ákaflega mikilvægt að það skuli nú í fyrsta skipti viðurkenna augljósustu sannindi og vara við hættunni.

Það er aðeins eitt sem er næsta ömurlegt. Skoðanaskipti Kennedys og Morgunblaðsins stafa ekki af virðingu fyrir röksemdum og staðreyndum; þær hafa ekki hrinið á þessum aðilum frekar en vatn á gæs. Það þurfti nýjar tilraunir Sovétríkjanna með kjarnorkuvopn til þess að hætta væri viðurkennd; það þurfti ótta við að Sovétríkin væru að öðlast algera yfirburði í vígbúnaðarkapphlaupinu til þess að farið væri að ræða afvopnun af alvöru. Það eru þannig ekki röksemdir og staðreyndir sem hrífa, heldur vald. Það eru óskemmtileg sannindi, en ekki verður hjá því komizt að horfast í augu við þau. En þótt tilefnið sé slíkt ber að vænta þess að hin auglýstu skoðanaskipti Bandaríkjaforseta og Morgunblaðsins endist einnig til þarflegra athafna. — m.

ULLARVINNSLA
AÐ ÁLAFOSSI

Iðnvæðing Íslands er nú mjög á dag-skrá og hefur margoft verið á það bent hér í Þjóðviljanum að með því að fullvinna hráefni innanlands má margfalda útflutningsverðmæti þessara hráefna. Mundi það þýða bæði stórauðnar gjald-eyristekjur svo og mikinn gjaldeyrisparnað auk þess sem það skapaði aukna atvinnu í landinu.

Vonandi verður þess ekki langt að

bíða að hætt verði að flytja hráefni óunnin úr landi en í þess stað reistar fleiri verksmiðjur til að fullvinna þau. Þegar hafa verið settar á stofn í landinu nokkrar slíkar verksmiðjur, ýmist af ríkinu, einstaklingum eða samvinnufélögum, og mun nú Þjóðviljinn leitast við að kynna lesendum sínum sumar þeirra og starfsemi þá er þar fer fram. Í dag lítum við á ullarverksmiðjuna á Álafossi í Mosfellssveit.

Björn Þorláksson bóndi að Varmá í Mosfellssveit hóf fyrstur manna ullarvinnslu að Álafossi 1. apríl 1896. Þá var aðeins lítið verksmiðjuhús að Álafossi og þar unnu innan við 10 manns. Nokkuð voru vinnubrögð frumstæð fyrst framan af, ullin t.d. þvegin í ánni og þurrkuð úti.

Á þeim 65 árum sem síðan eru liðin hefur skapast nokkurt þorp kringum verksmiðjuna, mörg íbúðarhús hafa verið byggð og verksmiðjubyggingar auknar og hafa nú samtals rúmlega 5000 metra gólfhlöð. Tæknin hefur verið hagnýtt í æ vaxandi mæli og er allt unnið í vélum innanhúss. Núverandi forstjóri verksmiðjunnar er Ásbjörn Sigurjónsson.

★

Aðalhluti ullarverksmiðjunnar að Álafossi er í stórra byggingu í miðju þorpinu. Við förum fyrst inn á skrifstofuna þar sem við hittum fyrir Guðjón Hjartarson verksmiðjustjóra. Við berum upp erindið, hann tekur okkur vel og býðst til að fara með okkur um verksmiðjuna.

Í verksmiðjunni hér á Álafossi vinna kringum 70 manns en auk þess er svo saumastofa og verzlun í bænum þar sem vinna samtals 15 manns. Hér vinna auk íslenzka verkafólksins nokkrir útlendingar, Þjóðverjar, Júgóslavar, Danir og einn Spánverri.

Guðjón segir okkur að oft hafi verið erfitt að fá vinnukraft í verksmiðjuna en það gangi nú mun betur síðan byrjað var á að hafa ákvæðisvinnu. Verksmiðjan hafi þó ekki full afköst, enn vanti fleira fólk, sérstaklega kvenfólk.


— Það þarf talsverða kunnáttu við þetta starf, það þarf að veniast því eins og öðru, segir Guðjón. Í sumt þarf hreina fagmenn eins og t. d. í litun og myndunverð en einnig þarf að bjálfa fólkið í annað, það verður þá bæði afkastameira og vinnur betur. Best er að hafa sama fólkið ár eftir ár, enda




Haraldur Sigvaldason flokkar ullina.



Guðrún Andrésdóttir „yfirfer“ húsgagnaáklæði. Guðrún hefur unnið á Álafossi í 38 ár.



Slavika Osmann gætir að bandinu á spunavélinni.



Ólöf Árnadóttir og fleiri stúlkur setja band á hespur.

reynum við að búa eins vel að því og við getum.

Við fáum að skoða mótuneyti starfsfólksins. Það er stór, vistlegur salur í húsi hinum megin götunnar, beint á móti verksmiðjunni. Verksmiðjan rekur dagheimili fyrir þau börn starfsfólksins sem eru innan skólaaldurs og má segja að í því tilliti sé hún alger brautryðjandi því að fáir munu þeir vinnustaðir aðrir hérlandis sem veita verkafólki sínu þá þjónustu.

Þaðan fer hún svo í þvott.

Það er mikill gnýr í þvottahúsinu sem er í kjallaranum og margir menn eru þar við vinnu. Lyktin af ullinni er mjög sterk og vatnið af henni dökkt. Fyrst er hún lögð í bleyti í kór í 25 mínútur og síðan þvegin í gríðarstórra þvottavél. Guðjón segir okkur að eitt af því sem þurfi að endurnýja í verksmiðjunni sé aðferðin við ullarþvottinn. Vélin er orðin gamaldags, hún er of seinvirk og tekur of mikinn vinnukraft. Afköstin eru

svo í enn eina vél sem tvinnar það. Við þessar stórvirku vélar vinna aðeins 7 manns. Eg til Sigurðsson sem unnið hefur í verksmiðjunni í meira en þrjátíu ár hefur umsjón með kembi- og lopavélinni en Guðni Lárusson sér um spunavélinna, tvinnvélinna og spólurnar.

Þegar búið er að spinna bandið eða spinna það og tvinna er það sett á hespur og þvegið og síðan spólað aftur og er þá tilbúið til gólfteppagerðar. Margar ungar stúlkur vinna við hespurnar og virðist það vera nokkuð seinlegt starf.

Margs konar band er unnið í verksmiðjunni. Þar er unnið band í gólfteppi, bæði Wilton-teppi sem verksmiðjan framleiðir sjálf og í Axminster-teppi sem ofin eru í Teppagerðinni Axminster í Reykjavík. Band í áklæði, væðarvöðir, fatnað, sokka og margt fleira. Oft er bandið blandað gerviefnum bæði til að gera það ódýrara, áferðarfallegara og sterkara. Þannig er bandið í húsgagnáklæði t.d. blandað með fiber til að gera það sterkara og okkur er sýnt nýtt band, svokallað **eleipnisband**, sem gert er úr ull og nælon og er afar sterkt, sætlað í sokka.

Ög bá komum við í vefnaðardeildina. Ög þar gefst nú á að líta. Líósmyndarinn sér fullt af „mótívum“ fyrir vélinna sína, bæði fallega strengda bræði og — fallegar stúlkur. Við sjáum ótal vélar og er ógerningur að lýsa þeim öllum. Venjulega vinna einn til tveir við hvern vefstól og barna eru ofin allskonar áklæði, fataefni og væðarvöðir. Efnin í stakkana frægu frá Sportveri eru líka ofin barna, en þau eru gerð í sauda-litunum og teiknuð af Ásgerði Rúnadóttur. Okkur er sagt að Ásgerður hafi líka teiknað mynstrin og valið litina í væðarvöðir verksmiðjunnar sem eru sérstaklega smekklegar og ber að fagna því þegar leitað er samvinnu við listafólk á þessum hátt.

Gólfteppavefstólarnir eru stærstir. Þar eru bæði ofnir gólfteppadreglar sem síðan eru língdir saman eftir máli fyrir kaupendur og einnig er þarna miðg stór vefstóll sem vefur heil teppi, 3,65 m að breidd og Guðjón segir okkur að þegar búið sé að setja upp rammann við hann, fari í hann 2½ tonn af bandi.

En þarna eru líka margar aðrar vélar en vefstólarnir og margt gert annað en að vefa. Við sjáum sokkaprjónavél sem prjónar bjarnarsokkana, svo

nefndu, rakgrind sem notuð er til að raða þráðunum sem mynda uppistöðuna í vefinn. Tvær stúlkur standa við ein-kennilega iðju. Okkur sýnist þær helzt vera að klippa. En þær segjast vera að lóska fataefni.

Þegar búið er að vefa væðarvöðirnar og efnin, eru sum lóskaðir en önnur ýfð. Síðan eru þau dämpuð, burstuð og pressuð.

Í seinasta herberginu sem við komum í sitja nokkrar konur með mikla ábyrgð í andlitinu. Enda er það mikils um vert að verk þeirra sé vel unnið, því eitt sem fer út úr verksmiðjunni fer seinast í gegnum þeirra hendur. Þær „yfirfara“ gólfteppadreglana, áklæðin, væðarvöðirnar og fataefnin og aðgæta hvort nokkuð sé að. Síðan eru vörurnar sendar

út, sumar beint á markaðinn, aðrar fyrst á saumastofuna í Þingholtsstræti í Reykjavík.

Við þökkum Guðjóni Hjartarsyni fyrir góða leiðsögn og spyrjum að lokum hvort verksmiðjan sé með nokkrar útflutningsfyrirætlanir á prjónunum.

— Útflutningur er nú í undirbúningi, segir hann. Við höfum í athugun að framleiða talsvert magn af væðarvöðum fyrir Rússa fyrir áramót. Einnig erum við að íhuga útflutning á gólfteppum en þau ættum við að geta flutt út fyrstu fjóra mánuði ársins, ef verksmiðjan hefur full afköst en hingað til hefur allt selzt jafnóðum innanlands. Íslensk ull er sérstaklega góð í allt sem grófara er og við eru fyllilega samkeppnisfærir við aðrar þjóðir á þessu sviði.

vh

Málverkasýning Vilhjálms Bergssonar

Í gær hófst í sýningarsalnum við Freyjugötu sýning á verkum ungs málara, Vilhjálms Bergssonar. Er þetta fyrsta sjálfstæða sýning hans en áður hefur hann tekið þátt í samsýningum í Reykjavík. Vilhjálmur hefur málað frá unglingarárum, sigldi til náms í listgrein sinni til Hafnar að loknu stúdentsprófi og gerðist nemandi dönsku málara Mogens Andersens og Vortilliusar. Síðastliðinn vetur dvaldist hann í Parísarborg undir leiðsögn franska málara Goetz.

Myndirnar á sýningunni eru frá tveimur síðustu árum, flestar málaðar utanlands. Kemur strax fram í þeim fyrstu frá 1959 örugg og nákvæm myndbygging. Þær eru tærar og einfaldar í lit, kannski um of og auðséð er, að á þessu tímabili hefur málariinn fengið meira við vandamál forms en líta. Hann nær líka þegar sérstæðu og hrifandi formspili. Myndirnar eru byggðar á lóðréttum línunum, sem snúast um sjálfar sig og vefjast öðrum skáhöllum og bognum línunum svo að augað skynjar stöðuga hæga hreyfingu, sem gengur inn og út um myndflötinn. Eru sýnileg í þessum elztu verkum áhrif Parísarmálara Vasarelys og fúturistanna ítölsku. Þessi áhrif hverfa smám saman í seinni verkum Vilhjálms og má rekja örugga og samfellda þróun




Vilhjálmur Bergsson

mynd frá mynd. Þær verða æfrjálsari í uppbyggingu og frumlegri, liturinn skærari og ríkari. Heildarsvipur allra myndanna er einfaldur og ákveðinn, en eftir því sem lengra liður verða þær fyllri og æ meira leikandi.

Aðalviðfangsefni málara er hreyfing og samspil forma um myndflötinn. Í fyrstu bindur hann saman, síðan leysir hann þau sundur og gæðir þau stöðugt meira lífi og fjölbreytni unz þau spretta upp úr myndfletinum í síðustu verkunum og skapa voldugt og heillandi samspil, sterkt og finlegt í senn.

Í þessum síðustu myndum Framhald á 10. síðu



Elí B. Jónsson við einn gólfteppavefstólinn.

En snúum okkur nú að ullaríðjunni. Guðjón stingur upp á að við förum sömu leið og ullin og það er samþykkt. Við komum fyrst inn í geymsluherbergi. Þar eru margir stórir ullarballar. Svona kemur ullin frá bændunum, óflokkuð og óþvegin. Bændur fá nú greiddar kr. 29 fyrir hvert kg af óþveginni ull.

Næst komum við að manni sem er að flokka ullina. Hann heitir Haraldur Sigvaldason. Húnavetningur að ætt og uppruna en hefur unnið í 18 ár í verksmiðjunni á Álafossi þar af átta í ullarmatinu. Haraldur rifur reyfin í sundur og setur ullina í hólf þaðan sem hún rennur niður á næstu hæð. Hann útskýrir fyrir okkur að hér sé hvíta ullin flokkuð í þrjá flokka. Beztu hlutinn, þelid, fer í 1. flokk. Venjulega fer mjög lítil hluti hvers reyfis í 1. flokk og meiri hlutinn af allri hvítri ull flokkast í 3. fl. Önnur ull er öll flokkuð eftir litum, mórautt, grátt og sú svart í tvo flokka, vel svart og blandað.

Eftir þetta er ullin sett í vél sem heitir ullargreiða. Hún greiðir allan flóka úr ullinni og

um 600 kg á dag. Von er á nýrri ullarþvottavél á næsta ári.

Eftir þvottinn er ullinni skipt og fer sumt beint í þurrkun en annað fyrst í litun, því hér er það ullin sjálf sem er lituð en ekki bandið eins og tíðkast við ullarlitun í heimahúsum. Við löbbum gegnum gríðarstóra þurrkklefa og litunarsal. Heldur eru það óskemmligar vistarverur því í þurrkklefunum er ofsalegur hiti og í litunarsalnum megn fýla.

Verksmiðjan hefur ráðið til sín færan fagmann í litun, er sá þýzkur og hefur numið fræði sín erlendis. Þetta fag krefst mikillar efnafræðikunnáttu og er bæði erfitt og vandasamt.

Næst fer ullin í tætarann, en það er vél sem eins og nafnið bendir til tætar ullina og blandar jafnframt saman við hana ullarolíu. Svo komum við í sal með mörgum, stórum vélum. Þar fer ullin fyrst í gegnum kembi- og lopavél og síðan í spunavél. Guðjón fræðir okkur á því að spunavélin sé í raun og veru byggð á sama kerfi og rokkarnir gömlu, aðeins sé þarna allt stærra í sniðum. Spunavélin vindur bandið upp á spólur og hluti af bandinu fer